

Fyrirkomulag ullarviðskipta 2016/17

Ullarskráning:

Eftir að ullin hefur verið flokkuð, pökkuð og vegin þurfa ullarinnleggjendur að skrá flokkun á svokölluðu Bændatorgi og prenta út skráningarseðil gjarnan í tvíriti og skal annað eintakið afhent flutningsaðila. Á Bændatorgi mun verða hægt að skoða skráningar sem gerðar hafa verið og leiðréttu ef þörf er á. Ef ekki eru tók á að skrá ullina á netinu skal skrá á blað upplýsingar um flokkun, magn í flokka og pokafjölda og heildarþunga. Þar skal jafnframt koma fram hvort og þá hvenær ullin hafi verið skráð gegnum síma. Blað með ofangreindum upplýsingum skal fylgja þeim sendingum sem ekki fylgir útprentaður skráningarseðill. Sama vinnulag gildir þótt ull sé afhent beint í þvottastöð. Skrá verður kennitölu, ullarflokk og þyngd pokans á hvern poka. Eftir 31. maí 2017 er lokað fyrir skráningu því þá á að vera búíð að þvo alla ull sem til fellur á uppgjörssárinu.

Ullarflutningur:

Gerður hefur verið samningur við flutningsaðila sem safna ull á ákveðnum landssvæðum. Flutningsaðilar taka við skráningarseðli eða skráningarblaði hjá innleggjanda og staðfesta að pokafjöldi sé réttur og að fylgt hafi verið ofangreindu verklagi. Þeir afhenda síðan seðlana ásamt flutningskilagrein um leið og ullin er affermd á Blönduósi.

Eftirlit með flutningum og því að fylgt sé ofangreindum reglum við móttöku og flutning ullar sem og uppáskrift reikninga verður í höndum yfirmanns á Blönduósi en greiðslur annast gjaldkeri í Mosfellsbæ.

Ullaruppgjör:

Eftir að flokkun hefur verið staðfest eða leiðrétt er skráning uppfærð á Bændatorgi. Starfsmenn á Blönduósi þurfa að skrifa athugasemdir á nótur ef breyting er gerð á skráningu innleggjanda. Eftir að nótan hefur verið uppfærð er ekki hægt að gera neinar breytingar á henni.

Í lok hvers skráningartímabils er uppfærðum matsnótum breytt í afreikninga sem koma til greiðslu á fyrirfram ákveðinni dagsetningu.

Ístex skilar í lok hvers skráningartímabils skilagrein til Bændasamtaka um skráða ull og staðfestu uppgjóri ullarflokkunar hvers framleiðanda þegar þvotti er lokið.

Skráningartímabil er frá 1. nóvember til 31. janúar - með gjalddaga 30. júní og síðan 1. febrúar til 31. maí með gjalddaga 30. ágúst. Gjalddagar á beingreiðslum eru ákveðnir af Bændasamtökum Íslands.

Útprentun afreikninga og greiðslur Ístex til ullarframleiðenda verða í höndum gjaldkera Ístex í Mosfellsbæ.